

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1293/2009

2010/EES/71/23

frá 23. desember 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskila-
staðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar
alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 32 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-
sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra
reikningsskilastaðla ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB)
nr. 1126/2008 ⁽²⁾ voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og
túlkningar sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Hinn 8. október 2009 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið
(IASB) út breytingu á alþjóðlegum reikningsskilastaðli,
IAS-staðli 32, fjármálagerningar: framsetning – flokkun
fórkaupsréttar, hér á eftir nefndur „endurskoðaður
IAS-staðal 32“. Breytingin á IAS-staðli 32 skýrir
hvernig gera skal grein fyrir ákveðnum réttindum þegar
útgefnir gerningar eru tilgreindir í öðrum gjaldmiðli en
starfrækslugjaldmiðli útgefandans. Ef slíkir gerningar
eru gefnir út í hlutfalli við eign núverandi hluthafa í
útgefandanum fyrir fasta fjárhæð handbærs fjár skal
flokka þá sem eigið fé, jafnvel þó að nýtingarverð þeirra
sé tilgreint í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli
útgefandans.
- 3) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku
ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er
staðfest að breytingin á IAS-staðli 32 uppfylli þau tækni-
legu skilyrði fyrir innleiðingu sem sett eru fram í 2. mgr.
3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Endurskoðunar-
hópurinn um ráðgjöf um reikningsskilastaðla lagði mat

á álit Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil
(EFRAG) ⁽³⁾ um stuðning við staðlana, í samræmi við
ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/505/EB frá
14. júlí 2006 um skipun endurskoðunarhóps um ráðgjöf
um reikningsskilastaðla til að ráðleggja framkvæmda-
stjórninni um hlutlægni og hlutleysi álita EFRAG og
tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna að
álitni væri yfirvegað og hlutlægt.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til
samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit stýrjnefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum
reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 32, fjármálagerningar:
framsetning, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við
þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunni á IAS-staðli 32, eins og hún er
sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð, eigi síðar en frá
og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst
eftir 31. janúar 2010.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í
Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. desember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 347, 24.12.2009, bls. 23. Hennar var
getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2010 frá 2. júlí
2010 um breytingu á XXII viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá
EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, 21.10.2010,
bls. 22.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 33.

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IAS-staðall 32	Breyting á IAS-staðli 32, <i>Fjármálagerningar: framsetning</i>
----------------	---

„Afríttun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn að frátöldum rétti til afríttunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn má telja. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB) www.iasb.org“

FLOKKUN FORKAUPSRETTAR

Breyting á IAS-staðli 32

Fjármálagæringar: framsetning

Ákvæðum 11. og 16. liðar er breytt. Lið 97E er bætt við.

SKILGREININGAR (SJÁ EINNIG LIÐI AG3–AG23)

11 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

...

Fjárskuld er sérhver skuld sem felur í sér:

- a) ...
- b) samning sem verður gerður eða hægt er að gera upp í eiginfjárgæringum einingarinnar og er:
 - i. óafleiddur gæringur, sem einingin er eða kann að verða skuldbundin til að afhenda breytilegan fjölda eiginfjárgæringa einingarinnar fyrir, eða
 - ii. afleiða sem verður eða unnt er að gera upp með skiptum á fastri fjárhæð handbærs fjár eða annarrar fjáreign fyrir fastan fjölda eiginfjárgæringa einingarinnar. Í þessu samhengi eru réttindi, valréttur eða kaupréttur til að kaupa fastan fjölda af eiginfjárgæringum eignarinnar fyrir fasta fjárhæð í hvaða gjaldmiðli sem er, eiginfjárgæringar ef einingin býður öllum sínum núverandi eigendum í sama flokki óafleiddra eiginfjárgæringa réttindi, valrétt og kauprétt í réttu hlutfalli. Ennfremur taka eiginfjárgæringar einingar í þessu skyni...

FRAMSETNING

Skuldir og eigið fé (sjá einnig liði AG13–AG14J og AG25–AG29A)

16 Þegar útgefandi beitir skilgreiningunum í 11. lið til að ákvarða hvort fjármálagæringur sé fremur eiginfjárgæringur en fjárskuld er gæringurinn eiginfjárgæringur ef og aðeins ef skilyrðin í bæði a- og b-lið hér á eftir eru uppfyllt.

- a) ...
- b) Ef gæringurinn verður gerður upp, eða hægt er að gera hann upp, í eiginfjárgæringum útgefandans, er hann:
 - i. gæringur sem er ekki afleiddur og felur ekki í sér sammingsbundna skyldu fyrir útgefandann um að afhenda breytilegan fjölda eiginfjárgæringa sinna eða
 - ii. afleiða sem verður aðeins gerð upp þannig að útgefandi skipti á fastri fjárhæð handbærs fjár eða annarrar fjáreignar fyrir fastan fjölda sinna eigin eiginfjárgæringa. Í þessu samhengi eru réttindi, valréttur eða kaupréttur til að kaupa fastan fjölda af eiginfjárgæringum eignarinnar fyrir fasta fjárhæð í hvaða gjaldmiðli sem er, eiginfjárgæringar ef einingin býður öllum sínum núverandi eigendum í sama flokki óafleiddra eiginfjárgæringa réttindi, valrétt og kauprétt í réttu hlutfalli. Í þessu tilviki taka eiginfjárgæringar útgefanda ekki heldur til gæringa sem hafa öll einkenni og uppfylla skilyrðin, sem er lýst í liðum 16A og 16B eða liðum 16C og 16D, eða gæringa sem eru samningar um móttöku eða afhendingu eigin eiginfjárgæringa útgefandans í framtíðinni.

Samningsbundin skylda ...

GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

97E Ákvæðum 11. og 16. liðar var breytt með Flokkun forkaupsréttar sem gefin var út í október 2009. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. febrúar 2010 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.